

Nd.

284. Frumvarp til laga

[150. mál]

um ítölu.

Flm.: Björn Pálsson.

1. gr.

Sveitarstjórn eða sveitarstjórnunum, ef afréttarlönd eru sameiginleg fyrir fleiri en eitt sveitarfélag, er heimilt að gera samþykktir um ítölu í afrétti, ef ástæða er til að ætla, að búpeningur, sem á afrétt gengur, sé óeðlilega rýr vegna ofbeitar, eða ef gróðurverndarfulltrúi álitur, að viðkomandi afréttarlönd gangi úr sér vegna þess, að of mikill fénaður sé á afréttum. Þess skal gætt, að slíkar samþykktir brjóti eigi í bága við lög um sauðfjárveikivarnir.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra skal skipa til þriggja ára í senn eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands gróðurverndarfulltrúa, sem hafi sérþekkingu um gróðurfar og beitarþol afrétta og heimalanda. Gróðurverndarfulltrúi skal fylgjast með gróður- og beitar-skilyrðum á þeim afréttum, þar sem ástæða er til að ætla, að um ofbeit geti verið að ræða, þannig að gróður eyðist eða skepnur verði óeðlilega rýrar, vegna þess að afréttur sé ofsetinn. Sé um ofbeit að ræða, ber gróðurverndarfulltrúa að hafa samband við viðkomandi sveitarstjórnir og tilkynna þeim álit sitt, ef hann álitur þörf á ítölu. Forráðamönnum viðkomandi sveitar eða upprekstrarfélags er þá skylt að boða til sameiginlegs fundar í upprekstrarfélaginu.

Nú álita forráðamenn einhvers upprekstrarfélags, eða einstakir bændur, að afréttur sé ofsetinn, og ber þá að leita álits um það hjá gróðurverndarfulltrúa. Skal hann kynna sér allar aðstæður og skila álitsgerð. Áliti hann afrétt ofsetinn ber

viðkomandi sveitarstjórnnum að boða til sameiginlegs fundar í upprekstrarfélaginu, eigi síðar en 4 vikum eftir að álitserð hefur borizt.

### 3. gr.

Fund skal boða með a. m. k. viku fyrirvara og þess gætt, að allir fái um hann að vita, sem þar hafa atkvæðisrétt. Hver búandi, sem heimilt er að reka búpening á viðkomandi afrétt, hefur einfaldan atkvæðisrétt. Skiptir eigi máli, hvort hann býr á hluta úr jörð eða fleiri en einni jörð. Eigi kauptún eða kaupstaður rétt til upprekstrar á sameiginlegan afrétt, hafa þau rétt til að senda á slíka fundi einn fulltrúa fyrir hverjar 400 vetrarfóðraðar kindur, samkvæmt síðasta framtali. Hver fulltrúi hefur eitt atkvæði. Þeir skulu kosnir af fjáreigendum í viðkomandi kauptúni eða kaupstað.

Skrá skal gera í byrjun fundar yfir þá, sem rétt hafa til að greiða atkvæði, og rita í fundargerð. Fundur er lögmatgur, ef helmingur búenda er á fundi.

### 4. gr.

Nú samþykkir meiri hluti fundarmanna, sem atkvæði greiða, ítölu í afrétt, og skal þá kjósa 3—5 manna nefnd til að vinna að málinu, og kys nefndin sér formann. Sé um fleiri en eitt hreppsfélag að ræða, skal þess gætt, að hvert hreppsfélag eigi a. m. k. einn fulltrúa í nefndinni. Hlutfallskosning skal viðhöfð, ef þess er óskað. Nefndin skal hafa samráð við gróðurverndarfulltrúa og fulltrúa frá Búnaðarfélagi Íslands. Skal nefndin hlutast til um, að þeir kynni sér viðáttu og gróðurfur viðkomandi afréttar, ef þeir hafa eigi gert það áður. Hún skal fá álit þeirra um, hve mikinn búpening megi reka á afrétt og hvort takmarka skuli upprekstur á hrossum eða sauðfé, enn fremur, hvort ráðlegt sé að girða af ákveðin svæði fyrir hross og hve mörg hross megi vera í slíkum hólfum. Að fengnu þessu álitu skal nefndin semja tillögur til samþykktar fyrir viðkomandi upprekstrarfélag, og er Búnaðarfélagi Íslands skylt að láta í té frumdrög að slíkum samþykktum. Sé tillaga um ítölu felld, er heimilt að taka málið upp eftir tvö ár.

### 5. gr.

Í samþykkt skal taka fram, ef ítala skal gilda fyrir sauðfé, hve margar kindur, veturgamlar og eldri, hver búandi má reka á afrétt. Ef upprekstur hrossa er leyfður, skal ákveða, hve mörg hross hver búandi má hafa á afrétt. Nú eiga fleiri aðilar kindur og hross en bændur, og skal þá hver bóndi hafa í sinni heildarítölu skepnur þeirra aðila, sem hjá honum eiga lögheimili, svo og annan fénað, sem hann hefur tekið í heimahaga, þó að eigandinn eigi ekki hjá honum lögheimili. Nú er kauptún eða kaupstaður í upprekstrarfélagi, og skal þá ákveða þá heildartölu, sem íbúar þar mega reka á afrétt, en hreppsnefnd kauptúnsins eða bæjarstjórn ákveður, hvað hver einstakur fjáreigandi má hafa á afrétt.

### 6. gr.

Þegar ítölunefnd metur, hve margar skepnur búandi má reka á afrétt, skal hún leggja til grundvallar eftirtalin atriði:

- a) Hve margar skepnur hæfilegt er að hafa í heimalandi þeirrar jarðar, jarða eða jarðahluta, sem bóndinn býr á, og sé réttur til upprekstrar miðaður við beitarskilyrði heimalands.
- b) Nauðsyn viðkomandi bónda til að fá leyfi til upprekstrar. Kemur þá til greina stærð fjölskyldu, aðstaða til að hafa annan búpening en þann, sem ítala gildir um, og önnur atriði, sem ítölunefnd metur gild.
- c) Eigi búandi land utan heimalandagirðingar, þannig að afréttarpeningur hafi þar sumarhaga, eins og afréttarland væri, her ítölunefnd að meta, hve hagi er þar fyrir margar skepnur. Þeirri tölu skal bæta við þá ítölu, sem viðkomandi aðila er að öðru leyti úthlutað.

- d) Ítölunefnd skal kynna sér, áður en hún gengur frá tillögum sínum, hve margar skepnur hver aðili óskar eftir að fá að reka á afrétt, þannig að hægt sé að hafa hliðsjón af því, eftir því sem við verður komið.

#### 7. gr.

Þegar ítölunefnd hefur samþykkt tillögur til samþykktar, skal formaður nefndarinnar boða til sameiginlegs fundar fyrir upprekstrarfélagið. Þar skulu tillögurnar ræddar og bornar upp til samþykktar. Ræður einfaldur meiri hluti úrslitum á lög-mætum fundi. Nú eru tillögurnar samþykktar, og ber þá að senda Búnaðarfélagi Íslands samþykktina til umsagnar. Áliti Búnaðarfélagið þörf á því að breyta samþykktinni, sendir það rökstuddar tillögur um það til formanns ítölunefndar. Hann boðar þá til annars fundar, þar sem breytingartillögur Búnaðarfélagsins eru ræddar og samþykktar eða felldar. Samþykktina skal svo senda landbúnaðarráðuneytinu til staðfestingar.

#### 8. gr.

Nú hefur ítala verið ákveðin og samþykkt staðfest, og skal þá sveitarstjórn eða sveitarstjórnir, ef fleiri en eitt sveitarfélag eru í upprekstrarfélaginu, kjósa á sameiginlegum fundi 3—5 manna ítölunefnd. Kosning skal fara fram eigi síðar en 4 vikum eftir sveitarstjórnarkosningar, og er kjörtími ítölunefndar hinn sami og sveitarstjórna. Ítölunefnd kys sér formann. Nefndin skal hafa eftirlit með, að farið sé eftir ákvæðum samþykktar um ítölu. Henni er því heimilt að telja búpening í dilkum í skilaréttum, og er búendum skylt að gera grein fyrir eigendum. Nú kemur í ljós, að einhver búandi á fleiri skepnur á afrétt en heimilt er samkvæmt ítölu, og skal hann þá greiða tvöföld fjallskil af þeim skepnum, sem umfram eru, við fyrsta brot, en þreföld fjallskil við annað brot, fjórföld við þriðja brot og fimmföld við fjórða brot. Heimilt er að láta slík viðurlög niður falla, ef sönnur eru á það færðar, að eigi hafi verið um ásetning að ræða.

#### 9. gr.

Nú er einn eða fleiri búendur óánægðir með ákvarðanir ítölunefndar, og geta þeir þá kært til yfirnefndar, sem skal vera skipuð 3 mönnum: einum frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, einum frá Búnaðarfélagi Íslands og einum skipuðum af sýslumanni þess lögsagnarumdæmis, sem sá á lögheimili í, sem kærir. Yfirnefnd þessi skal kynna sér, hvort slíkar kærur hafa við rök að styðjast, og kveða upp úrskurð. Þeim úrskurði er eigi hægt að áfrýja.

#### 10. gr.

Ítölunefnd skal halda a. m. k. einn fund árlega. Formaður færir samþykktina og fundargerðir inn í gjörðabók. Í gjörðabókina skal árlega rita skýrslu um tölu þess fénaðar, sem hver búandi má reka á afrétt. Breytist gróðurfar eða aðrar aðstæður þannig, að ítölunefnd áliti ástæðu til að fækka eða fjölga búpeningi í afrétt, er ítölunefnd heimilt að ákveða breytingar í samráði við gróðurverndarfulltrúa. Verði breytingar á ábúð jarða, ber ítölunefnd að hækka að lækka þá búpeningstölu, sem ábúendum er heimilt að reka á afrétt, í samræmi við þær breytingar, sem verða á landsnyttjum ábúenda.

#### 11. gr.

Noti búandi eigi til fulls þá heimild, sem hann hefur til upprekstrar á afrétt, má hann leyfa öðrum aðilum í sama upprekstrarfélagi að fylla þá tölu, sem á vantar, en tilkynna skal hann það formanni ítölunefndar, áður en á afrétt er rekið. Einnig ber búendum að tilkynna ítölunefnd, ef þeir ætla eigi að nota að fullu rétt sinn til upprekstrar. Getur ítölunefnd þá leyft öðrum að fylla þá tölu.

#### 12. gr.

Eigi er búendum skylt að greiða fjallskil af fleiri skepnum en þeim, sem heimilað er að reka á afrétt. Nú á búandi meiri fénað en hann má á afrétt reka, og skal hann þá hafa slíkan búfénað í vörzlu í heimalandi sínu eða í félagsgirðingu. Sé þess eigi gætt, má sá, sem fyrir ágangi verður, smala heimaland sitt og setja inn afbæjafénað, en tilkynna skal þá eigendum það án tafar. Ber þá hverjum fjáreiganda að sækja sínar skepnur og greiða sanngjarnan kostnað fyrir smölun og fyrirhöfn. Hirði eigendur eigi um að sækja skepnur sínar, skal tilkynna það hreppstjóra, sem ber þá að láta reka þær á kostnað eiganda heim til hans.

#### 13. gr.

Upprekstrarfélag, sem komið hefur á hjá sér ítölu og fengið samþykkt staðfesta, hefur rétt til að krefjast girðinga á milli afrétta að einhverju eða öllu leyti, ef um verulegan ágang er að ræða af næsta afrétt, enda hafi eigi ítölu verið komið á í þau afréttarlönd, sem næst liggja. Kostnaður við slíkar girðingar skiptist að jöfnu milli afnotaaðila. Séu landamerki óljós eða óákveðin milli afrétta, skal leysa þau ágreiningsatriði á sama hátt og landamerki milli heimalanda í byggð.

#### 14. gr.

Nú hefur upprekstrarfélag komið á hjá sér ítölu, og er þá ítölunefnd heimilt að veita einstökum búendum 1—2 ára aðlögunartíma, þannig að þeir hafi aðstöðu til að girða heimalönd eða breyta um búgreinar. Sækja skal um slíkar undanþágur til formanns ítölunefndar og beiðnin rökstudd.

#### 15. gr.

Kostnað við að koma á ítölu og þóknun til ítölunefndar skal greiða úr viðkomandi fjallskilasjóði.

#### 16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum eru felldar úr gildi 16.—27. gr. í lögum nr. 42 frá 12. maí 1969, um afréttamálefni, fjallskil o. fl.

### Greinargerð.

Lög um ítölu hafa verið í gildi allengi. en ítala hefur hvergi verið framkvæmd. Það er því annað tveggja, að ítölu er eigi þörf eða eitthvað er að löggjöfinni. Samkvæmt gildandi lögum eiga sýslunefndir og sveitarstjórnir að hafa frumkvæðið. Í þeim nefndum eiga oft sæti stærstu stóðbændurnir. Þeir hafa takmarkaðan áhuga fyrir að koma ítölu á. Þess ber að gæta, að reglur um ítölu eru misvinsælar hjá fjáreigendum. Hreppsnefndar- og sýslunefndarmenn hliðra sér gjarnan hjá að koma á slíkum samþykktum, því að á atkvæðum þurfa þeir að halda, er þeir leita endurkjörs. Í frv. þessu er gert ráð fyrir, að gróðurverndarfulltrúi geti haft frumkvæðið. Einnig er gert ráð fyrir því í frv., að einstakir bændur geti haft frumkvæði að ítölu, álíti þeir, að þess gerist þörf. Þess ber og að gæta, að hagkvæmara er allra hluta vegna, að frumkvæðið geti haft maður, sem hefur engra persónulegra hagnuna að gæta og verður því eigi vændur um hlutdrægni.

Í gildandi lögum er eigi gert ráð fyrir starfhæfri ítölunefnd heima í héraði og hóflegum viðurlögum, ef reglur eru brotnar, nema fjársektum fyrir lögbrot. Slíkt mundi kosta seinleg og dýr málaferli, sem enginn nennti að fást við. Í frv. er gert ráð fyrir, að greidd verði hærri fjallskil af fénaði, sem fer í óleyfi á afrétt. Það er sanngjarnari og kostnaðarminni aðferð og líklegri til árangurs en að standa í málaferlum. Í frv. er einnig gert ráð fyrir, að ítölunefnd sé starfandi í sérhverju upprekstrarfélagi, sem gert hefur samþykkt um ítölu. Þetta er nauðsynlegt til

eftirlits og breytinga á upprekstrarleyfum, sem árlega er þörf vegna breytinga á búsetu, skiptingar upprekstrarleyfa milli einstakra búenda o. fl.

Þar sem hjarðbúskapur er í öðrum löndum, eru heimalönd afgirt og skipt í hólf, þannig að beitilönd nýtist sem bezt, búfénaður rási minna og hægt sé að hafa vald á beitinni. Hér hefur þetta verið með öðrum hætti. Þó mun líða að því, að bændur girði lönd sín og skipti þeim í beitarrhólf, eftir því sem við verður komið. Um afrétti höfum við hins vegar nokkra sérstöðu.

Hrossasala hefur nokkur verið til annarra landa undanfarin ár. Það getur leitt til þess, að einstakir bændur stórfjölgji hrossum. Hrossin rótnaga þurrlendi, því að þar er gróður kjarnmeiri. Sauðfé verður því að búa við minna og lakara haglendi, þar sem mikið er um hross án vörzlu. Úr þessu mætti eitthvað bæta með því að girða af í afréttum viss svæði fyrir hross. Líklegt er, að sauðfé fjölgi á næstu árum, a. m. k. í sumum byggðarlögum. Ég hygg því, að fáir, sem til þekkja, dragi í efa, að ítölu sé þörf í afrétti á vissum stöðum hér á landi. Það álit er líka staðfest af sérfróðum mönnum, sem athugað hafa gróðurfar á afréttum. Eigi er ágóðavænlegt eða viturlegt að láta hundruð og þúsund stóðhrossa ganga óhindrað í afréttum og hirða kjarnmesta gróðurinn frá sauðfénu. Takmarkaður hagur er einnig af stóðhryssum, sem ganga eftirlitslaust, fæða haustgot eða eru jafnvel algeldar. Hófleg hrossaeign getur átt rétt á sér, þar sem gróðurfar er hagkvæmt fyrir hross. Nauðsynlegt er því að skipuleggja betur en verið hefur beit á sameiginlegum afréttum og heimalöndum. Lög þau, sem í gildi eru um ítölu, eru þannig gerð, að erfitt er að koma samþykkt á, og þó að það takist, er ítalán gagnslaus sökum þess, að eigi er gert ráð fyrir eðlilegu og nauðsynlegu eftirliti og hæfilegum viðurlögum, ef reglur eru brotnar. Með þessu frv. er gerð tilraun til úrbóta.